


Norska húsið
- Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla

Ársskýrsla fyrir árið 2016



Starfsmannamál

Bjarney Inga Sigurðardóttir og Ísól Lilja Róbertsdóttir voru sumarstarfsmenn Norska hússins - BSH frá 19. maí - 31. ágúst. Rebekka Rán Karlsdóttir vann einnig tvær vikur yfir sumarið sem og Olga Árnadóttir. Einnig vann Filip Polách nokkar helgar. Á þjóðbúningahátíðinni þarf að kalla til auka starfsfólk, þann dag unnu Hjördís, Bjarney, Filip, Guðrún Elena Magnúsdóttir og Kristín Birna Sigfúsdóttir.

Á Aðalfundi Héraðsnefndar Snæfellinga árið 2015 var það samþykkt að fá Sigurlínu Sigurbjörnsdóttur aftur til starfa að hluta við skráningarmál. Sú vinna mun hefjast árið 2017.

Opnunartími:

Sumaropnun safnsins hófst 14. maí og þann 27. maí opnaði sumarsýning safnsins sem nefndist *Aton 1968-1975. Húsgagnasmiðja í Stykkishólmi*.

Opnunartímar utan sumaropnunar árið 2016 voru eftirfarandi:

- janúar - maí: þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag kl. 14-17.
- september - nóvember: þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag kl. 14-17.
- desemberopnun var frá 26. nóvember - 23. desember, opið var daglega frá kl. 14-18. Þá unnu á safninu, Hjördís, Rebekka Rán Karlsdóttir og Ísól Lilja Róbertsdóttir.

Gestafjöldi

Sumaropnun 16. maí - 31. ágúst: 4271

Aðventuopnun í desember: 344

Þess utan: 1242

Gestafjöldi alls: 5857

Um tæplega helmingur borgaði sig inn til að fara að skoða 2. og 3. hæð safnsins, ókeypis aðgangur var að sumarsýningu.

Aðgangseyrir: 1000 kr. fyrir fullorðna.

800 kr. fyrir hópa fleiri en 10 (frítt fyrir skólahópa).

600 kr. fyrir aldrað og öryrkja

Frítt fyrir 18 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.

Viðhald hússins.

Það stóð til að tjarga allt húsið að utan, en verður farið í þá vinnu vorið 2017

Styrkir árið 2016.

Uppbyggingarsjóður Vesturlands:

Rekstrarstyrkur: 500.000 kr.

Skotthúfan: 300.000 kr.

Sumarsýning (Aton): 250.000 kr.

Miðstöðvar og mangarar í Breiðafirði útiskiltasýning: 250.000 kr.

Vatnið: 100.000 kr.

Samtals: 1.400.000 kr.

Minjastofnun Íslands

Viðhaldsstyrkur: 700.000 kr.

Safnaráð Íslands

Rekstrarstyrkur: 800.000 kr.

Sumarsýning: 500.000 kr.

Skotthúfan: 600.000 kr.

Samtals: 1.900.000 kr.

Lista- og menningarsjóður Stykkishólmsbæjar

Skotthúfan: 100.000 kr.

Sumarsýning: 100.000 kr.

Samtals: 200.000 kr.

Heildarupphæð styrkja: 4.200.000 kr.

Sýningar og viðburðir:

16. janúar: Kolbrún S. Ingólfssdóttir sagði frá bók sinni, Þær ruddu brautina - kvenréttindakonur fyrri tíma, sem kom út árið 2015. Viðburðinn var liður í dagskrá Stykkishólmsbæjar í tilefni af 100 ára kosningarafmæli kvenna á Íslandi árið 2015 og var þetta jafnframt lokaviðburðurinn.

8. febrúar: Ragna Gestsdóttir safnfræðingur flutti erindi í Grunnskóla Stykkishólms um söfn sem námsvettvang. Í erindinu kynnti Ragna starfsemi safna og hvernig þau þjóna samfélaginu sem óformlegar menntastofnanir í samfélaginu.

12. mars: Opnun, Fjárbændurnir ljósmyndasýning.

Laugardaginn 12. mars kl. 14:00, opnar ljósmyndasýningin Fjárbændurnir í Norska húsinu - BSH.

Rétt fyrir ofan Stykkishólm er lítið samfélag sem hefur orðið til í kringum fjárbúskap. Þetta litla samfélag frístundabænda setur svip sinn á lífið í Stykkishólmi. Mörgum finnst gaman að kíkja á lömbin leika sér á túnunum á vorin og fara í réttirnar á haustin til að fylgjast með þegar féð kemur af fjalli. Fjárbændurnir minna okkur á liðna tíma. Því er mikilvægt að staldra við og horfa, sjá fólkið sem gefur samfélaginu okkar og menningu lit. Myndirnar voru teknar vorið 2015 á röltinu á milli fjárhúsa í miðjum sauðburði, þegar bændurnir eru á vakt nánast allan sólarhringinn og mikið um að vera.

Um ljósmyndarann:

Guðrún Svava Guðmundsdóttir er uppalin í Stykkishólmi. Faðir hennar hefur verið með kindur síðan árið 2002 og því eru ferðir upp í fjárhús hluti af því að heimsækja foreldrana. Guðrún lagði stund á mannfræði við Háskóla Íslands og lauk mastersprófi með áherslu á ljósmyndir árið 2011. Guðrún hefur haft áhuga á ljósmyndun frá unglingsaldri og hefur tekið myndir frá því mamma hennar keypti sér Canon myndavél, en þá var Guðrún fimmtán ára. Mamma hennar endaði á því að gefa henni vélina í tvítugsafmælisgjöf.

Ljósmyndaröðin Fjárbændurnir er að hluta til mannfræðileg og er tilraun til að fanga þetta samfélag sem er Guðrúnu svo kært. Sýningin stóð til 4. maí.



26. mars: Boðið var til fræðsluerindis um Sögu Breiðfirðinga laugardaginn 26.mars, fyrirlesari var Sverrir Jakobsson.

Í lok árs 2015 kom út bókin Saga Breiðfirðinga I eftir Sverri Jakobsson. Þegar Ari fróði settist við skriftir á fyrri hluta 12. aldar beindist áhugi

hans sérstaklega að Breiðfirðingum, hans eigin forfeðrum, hlutdeild þeirra í landnáminu og forystu í málefnum héraðsins. Síðan þá hafa Breiðfirðingar alltaf verið í lykilhlutverki í sagnaritun Íslendinga. Sverrir Jakobsson er prófessor í miðaldasögu við Háskóla Íslands. Eftir hann hafa áður komið út bókin Við og veröldin. Heimsmynd Íslendinga 1100–1400 og fræðileg útgáfa Hákonar sögu Hákonarsonar.

21. apríl: Á sumardaginn fyrsta var safna - og sýningardagur á Snæfellsnesi, Norska húsið - BSH var opið frá kl. 14-17.



27. maí: Aton opnun. Hjónin Dagbjartur Stígsson og Hrafnhildur Ágústsdóttir stofnuðu húsgagnasmiðjuna ATON í Stykkishólmi árið 1968 og starfræktu fyrirtækið í bænum til ársins 1975. Fyrirtækið var einn helsti atvinnuveitandi Stykkishólms á þessum tíma. Á sýningunni mátti lesa um sögu fyrirtækisins sem og

skoða hin ýsmu húsgögn sem fyrirtækið hannaði og smíðaði.

7. júlí: Aton hátíð. Fólkið sem átti Aton húsgagnaverksmiðjuna bauð öllu því fólki sem hafði unnið í Aton í boð.



© Stykkishólms-Pósturinn

1. - 3. júlí: Hin árlega Þjóðbúningahátíð Norska hússins haldin, sem nefnist Skotthúfan. Margt í boði meðal annars, erindi um Sigurð Breiðfjörð og Jörund Hundadagakonung. Þjóðlegur tónlistarflutningur, pönnukökur, þjóðdansar og fleira.

12.-14. ágúst: Danskir Dagar í Stykkishómi, í Norska húsinu-BSH var ratleikur, danskt slikeri og fleira

14. október: Bleikt kvöld í Stykkishólmi í Norska húsið - BSH var lifandi tónlist, Sjávarpakkhúsið bauð upp á bleika kokteila og Ísól Lilja sýndi hvernig hún málar mandala myndir.

26. nóvember: Jólaopnun hófst. Opið alla daga frá 26. nóv.- 22.des. frá kl. 14-18. 15. og 22. desember, jólamarkaður kl. 20 - 22. Þann 23. desember var opið frá kl. 14-22.

Námskeið, ráðstefnur og önnur störf:

Vorið 2016 kenndi safnstjóri samfélagsfræði á námskeiðinu Landnemaskóli II. Tilgangur skólans er að auðvelda fólki af erlendum uppruna aðlögun að íslenskum vinnumarkaði og samfélagi. Í náminu er lögð áhersla á íslenskt talmál og nytsama samfélagsfræði. Námið er ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði, sem ekki á íslensku að móðurmáli.

Einnig hélt safnstjóri rafrænt erindi í Áttthaganámi um Snæfellsnes, námið nefndist *Snæfellsnes – Ísland í hnotskurn*. Meginmarkmið námsins var að efla heimafólk á Snæfellsnesi í áttthagafræði, staðhátum, útivist, ferðamennsku, gestamóttöku, upplýsingaöflun og miðlun. Í erindi safnstjóra var fjallað um sögu Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla sem og starfsemi þess.



Í júní tók safnstjóri þátt í verkefni á vegum Símenntunarstöðvar Vesturlands og Svæðisgarðs Snæfellsnes. Verkefnið sneri að fullorðinsfræðslu með áherslu á Svæðisgarðinn Snæfellsnes. Farið var í ferð til Skotlands, þar sem átta aðilar víðsvegar af Vesturlandi kynntu sér Svæðisgarða, umhverfisvæna ferðaþjónustu og nýjar aðferðir til að mennta samfélög. Heimsóttir voru ýmsir

svæðisgarðar, gestastofur og söfn.

Safnstjóri fór á farskóla safnamanna í Reykjanesbæ 14. - 16. september þar sem að þemað var *Söfn í sviptivindum samtímans*. Fjallað var um breytt starfsumhverfi safna, mörg ný söfn hafa litið dagsins ljós og þau eldri gengið í gegnum endurnýjun. Stafrænir miðlar hafa búið til nýja vídd í safnastarfi og aukið aðgengi almennings á þá þekkingu sem að söfn búa yfir. Einnig setur aukinn ferðamannastraumur mark sitt á rekstur safna og liggja þar mörg tækifæri. Á ráðstefnunni var fjallað um hvernig söfnin geti nýtt þessi tækifæri og hvort þau hafi nægt rekstrarfé til að auka þjónustustig sitt til að taka á móti fjölgun ferðamanna og svo framvegis.

Í nóvember fór safnstjóri á safnaráðstefnu í Glasgow í Skotlandi á vegum safnasamtaka Bretlands, ráðstefnan nefnist *Museums Association. Conference & Exhibition* og er haldin á hverju ári víðsvegar um Bretland. Þema ráðstefnunar var fólk og staðir: sögur, samfélög og safnmunir.

Krambúð



Í krambúðinni fæst fjölbreytt úrval íslensk handverks. Bæði frá heimamönnum sem og öðrum íslenskum hönnuðum. Svipað fyrirkomulag er á rekstri búðarinnar og hefur verið, sumt er keypt inn, annað er í umboðssölu. Það er mikill gróska í íslensku handverki og er safnstjóri dugleg að fylgjast með

og fara meðal annars á *Handverk og Hönnun* markaðinn sem er haldinn einu sinni til tvisar á ári í ráðhúsi Reykjavíkur.